

## REGLUGERÐ

**um (1.) breytingu á reglugerð nr. 284/2011 um gildistöku reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1152/2009 um setningu sérstakra skilyrða fyrir innflutningi á tilteknum matvælum frá tilteknum þriðju löndum vegna mengunaráhættu af völdum aflatoxína og um að fella úr gildi ákvörðun 2006/504/EB.**

### 1. gr.

Ákvæði sammingsins um Evrópska efnahagssvæðið sem vísað er til í I. og II. kafla I. viðauka og XII. kafla II. viðauka, skulu öðlast gildi með breytingum og viðbótum sem leiðir af I. og II. viðauka, bókun 1 við samninginn og öðrum ákvæðum hans. Á grundvelli ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 134/2007, frá 1. maí 2010, öðlast eftirfarandi ESB-gerð gildi hér á landi:

Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 274/2012 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1152/2009 um setningu sérstakra skilyrða fyrir innflutningi á tilteknum matvælum frá tilteknum þriðju löndum vegna mengunaráhættu af völdum aflatoxína.

### 2. gr.

Ofangreind reglugerð framkvæmdastjórnarinnar er birt sem fylgiskjal við reglugerð þessa.

### 3. gr.

Allur kostnaður við opinbert eftirlit, þ.m.t. sýnataka, greining sýna, geymsla, förgun og allar aðrar ráðstafanir sem gripið er til skal greiddur af innflutnings- og dreifingaraðilum eftir því sem við á.

### 4. gr.

Innflutnings- eða dreifingaraðilar sem flytja inn eða dreifa vörum sem reglugerð þessi tekur til, skulu senda Matvælastofnun tilkynningu og gögn um fyrirhugaðan innflutning ásamt upplýsingum um áætlaðan komutíma.

### 5. gr.

Matvælastofnun hefur eftirlit samkvæmt 6. gr. laga nr. 93/1995 með því að ákvæðum þessarar reglugerðar sé framfylgt.

### 6. gr.

Um brot gegn reglugerð þessari fer samkvæmt 30. gr., 30. gr. a – 30. gr. e og 31. gr. laga nr. 93/1995 um matvæli.

### 7. gr.

Reglugerð þessi er sett með stoð í 27. gr. b og 31. gr. a laga nr. 93/1995, um matvæli. Reglugerðin öðlast þegar gildi.

*Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu, 13. febrúar 2013.*

F. h. r.

**Halldór Runólfsson.**

*Eggert Ólafsson.*

**Fylgiskjal.****Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 274/2012**

frá 27. mars 2012

**um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1152/2009 um setningu sérstakra skilyrða fyrir innflutningi á tilteknum matvælum frá tilteknum þriðju löndum vegna mengunaráhættu af völdum aflatoxína**

(Texti sem varðar EES)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 178/2002 frá 28. janúar 2002 um almennar meginreglur og kröfur samkvæmt lögum um matvæli, um stofnun Matvælaöryggisstofnunar Evrópu og um málsmeðferð vegna öryggis matvæla <sup>(1)</sup>, einkum ii. lið b-liðar 1. mgr. 53. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í 53. gr. reglugerðar (EB) nr. 178/2002 er framkvæmdastjórninni veittur sá möguleiki að samþykkja neyðarráðstafanir þegar ljóst er að matvæli og fóður, sem eru flutt inn frá þriðja landi, geti haft í för með sér alvarlega áhættu fyrir heilbrigði manna og dýra eða fyrir umhverfið og ekki er hægt að hafa fullnægjandi stjórn á þessari áhættu með þeim ráðstöfunum sem aðildarríkin hafa gripið til hvert fyrir sig.
- 2) Með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1152/2009 <sup>(2)</sup> setti framkvæmdastjórnin sérstök skilyrði fyrir innflutningi frá tilteknum þriðju löndum á tilteknum matvælum þar sem oft virðist farið yfir þau hámarksgildi fyrir aflatoxín sem voru ákvörðuð með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1881/2006 <sup>(3)</sup>.
- 3) Þar eð númerinu í sameinuðu nafnaskránni (SN) hefur verið breytt fyrir tiltekna matvælaflokka, sem falla undir reglugerð (EB) nr. 1152/2009, er rétt að breyta SN-númerunum í þeirri reglugerð til samræmis við það.
- 4) Rétt þykir að fella úr gildi umbreytingarákvæðin fyrir innflutning á matvælum frá Bandaríkjum Ameríku, sem falla ekki undir valfrjálsu sýnatökuáætlunina til eftirlits með aflatoxíni, þar eð stjórnendur í Bandaríkjunum hafa fengið nægan tíma til að hrinda valfrjálsu sýnatökuáætluninni til eftirlits með aflatoxíni í framkvæmd.
- 5) Í ljósi fjölda og eðlis tilkynninga í hraðviðvörðunarkerfi fyrir matvæli og fóður, viðskiptamagns, niðurstaðna úr skoðunum Matvæla- og dýraheilbrigðisráðgjafastofnunar og niðurstaðna úr eftirliti, skal í sumum tilvikum draga úr tíðni sýnatöku til greiningar. Að því er varðar heslihetur frá Tyrklandi og parahnetur frá Brasilíu hafa einungis afar fá tilvik, þar sem ekki er farið að tilskildum ákvæðum, komið í ljós við innflutning. Því er rétt að draga úr tíðni eftirlits með þessum matvælum. Til glöggvunar og til að tryggja samræmi við aðra löggjöf ESB þykir rétt að taka skýrt fram að sannprófun auðkenna skal framkvæmd jafn oft og eftirlit með ástandi (sýnataka og greining).
- 6) Því ber að breyta reglugerð (EB) nr. 1152/2009 til samræmis við það.
- 7) Ráðstafanir, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um matvælaferlið og heilbrigði dýra.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

*Breytingákvæði.*

Reglugerð (EB) nr. 1152/2009 er breytt sem hér segir:

- 1) Í stað 1. gr. komi eftirfarandi:

„1. gr.

*Gildissvið.*

1. Þessi reglugerð skal gilda um innflutning á eftirfarandi matvælum og matvælum sem eru unnin eða samsett úr þeim:

- a) Eftirfarandi matvæli sem eru upprunnin í Brasilíu eða send þaðan:

- i. parahnetur í skurn sem falla undir SN-númerið 08012100,
- ii. blöndur af hnetum eða þurrkuðum ávöxtum sem falla undir SN-númerið 081350 og innihalda parahnetur í skurn,

- b) Eftirfarandi matvæli sem eru upprunnin í Kína eða send þaðan:

- i. jarðhnetur sem falla undir SN-númerið 12024100 eða 12024200,
- ii. jarðhnetur sem falla undir SN-númerið 20081191 (í umbúðum að nettóþyngd sem er yfir 1 kg) eða 20081198 (í umbúðum að nettóþyngd sem er ekki yfir 1 kg),

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB L 31, 1.2.2002, bls. 1.<sup>(2)</sup> Stjtið. ESB L 313, 28.11.2009, bls. 40.<sup>(3)</sup> Stjtið. ESB L 364, 20.12.2006, bls. 5.

- iii. ristaðar jarðhnetur sem falla undir SN-númerið 20081196 (í umbúðum að nettóþyngd sem er ekki yfir 1 kg),
  - c) Eftirfarandi matvæli sem eru upprunnin í Egyptalandi eða send þaðan:
    - i. jarðhnetur sem falla undir SN-númerið 12024100 eða 12024200,
    - ii. jarðhnetur sem falla undir SN-númerið 20081191 (í umbúðum að nettóþyngd sem er yfir 1 kg) eða 20081198 (í umbúðum að nettóþyngd sem er ekki yfir 1 kg),
    - iii. ristaðar jarðhnetur sem falla undir SN-númerið 20081196 (í umbúðum að nettóþyngd sem er ekki yfir 1 kg),
  - d) Eftirfarandi matvæli sem eru upprunnin í Íran eða send þaðan:
    - i. pistasíuhnetur sem falla undir SN-númerið 08025100 eða 08025200,
    - ii. ristaðar pistasíuhnetur sem falla undir SN-númerin 20081913 (í umbúðum að nettóþyngd sem er yfir 1 kg) og 20081993 (í umbúðum að nettóþyngd sem er ekki yfir 1 kg),
  - e) Eftirfarandi matvæli sem eru upprunnin í Tyrklandi eða send þaðan:
    - i. þurrkaðar fikjur sem falla undir SN-númerið 08042090,
    - ii. heslihnetur (*Corylus* spp.) í skum eða skurnlausar sem falla undir SN-númerið 08022100 eða 08022200,
    - iii. pistasíuhnetur sem falla undir SN-númerið 08025100 eða 08025200,
    - iv. blöndur af hnetum eða þurrkuðum ávöxtum sem falla undir SN-númerið 081350 og innihalda fikjur, heslihnetur eða pistasíuhnetur,
    - v. fikjumauk, pistasíuhnetumauk og heslihnetumauk sem falla undir SN-númerið 200710 eða 200799,
    - vi. heslihnetur og pistasíuhnetur, tilreiddar eða varðar skemmdum, þ.m.t. blöndur sem falla undir SN-númerið 200819, og fikjur, tilreiddar eða varðar skemmdum, sem falla undir SN-númerið 200899, þ.m.t. blöndur sem falla undir SN-númerið 200897,
    - vii. mjöl, gróft mjöl og duft úr heslihnetum, fikjum og pistasíuhnetum sem falla undir SN-númerið 11063090,
    - viii. skornar, sneiddar og muldar heslihnetur sem falla undir SN-númerin 08022200 og 200819,
  - f) Eftirfarandi matvæli sem eru upprunnin í Bandaríkjunum eða send þaðan:
    - i. möndlur í skum eða skurnlausar sem falla undir SN-númerið 080211 eða 080212,
    - ii. ristaðar möndlur sem falla undir SN-númerin 20081913 (í umbúðum að nettóþyngd sem er yfir 1 kg) og 20081993 (í umbúðum að nettóþyngd sem er ekki yfir 1 kg),
    - iii. blöndur af hnetum eða þurrkuðum ávöxtum sem falla undir SN-númerið 081350 og innihalda möndlur.
2. Ákvæði 1. mgr. skulu ekki gilda um vörusendingar af matvælum að heildarþyngd sem fer ekki yfir 20 kg eða um unnin eða samsett matvæli sem innihalda matvælin sem um getur í b- til f-lið 1. mgr. í magni sem er undir 20%.“
- 2) Í 4. gr. falli 6. mgr. brott.
- 3) Í stað 4. og 5. mgr. 7. gr. komi eftirfarandi:
- „4. Lögbert yfirvald við tilnefndan innflutningsstað skal framkvæma sannprófun auðkenna og taka sýni úr tilteknum vörusendingum til að greina aflatoxín B1 og heildarmengun af völdum aflatoxíns, með þeirri tíðni sem um getur í 5. mgr. og í samræmi við I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 401/2006, áður en þær eru settar í frjálsa dreifingu inn í Sambandið.
5. Sannprófun auðkenna og sýnataka til greiningar, sem um getur í 4. mgr., skulu framkvæmd:
- a) á u.þ.b. 50 % af vörusendingum af matvælum frá Brasilíu,
  - b) á u.þ.b. 20% af vörusendingum af matvælum frá Kína,
  - c) á u.þ.b. 20% af vörusendingum af matvælum frá Egyptalandi,
  - d) á u.þ.b. 50% af vörusendingum af matvælum frá Íran,
  - e) á u.þ.b. 5 % af vörusendingum fyrir hvern flokk af heslihnetum og afurðum, sem eru unnar úr þeim, frá Tyrklandi, sem um getur í ii. og iv. til viii. lið e-liðar í 1. mgr. 1. gr., u.þ.b. 20% af vörusendingum fyrir hvern flokk af þurrkuðum fikjum og afurðum, sem eru unnar úr þeim, frá Tyrklandi, sem um getur í i. og iv. til vii. lið e-liðar í 1. mgr. 1. gr. og u.þ.b. 50% af vörusendingum fyrir hvern flokk af pistasíuhnetum og afurðum, sem eru unnar úr þeim, frá Tyrklandi, sem um getur í iii. til vii. lið e-liðar í 1. mgr. 1. gr.,
  - f) af handahófi á vörusendingum af matvælum frá Bandaríkjunum sem um getur í f-lið 1. mgr. 1. gr.“

2. gr.

*Umbreytingarráðstafanir.*

Þrátt fyrir 1. mgr. 4. gr. og 2. mgr. 7. gr. er heimilt að flytja matvæli, sem eru upprunnin í Bandaríkjunum eða send þaðan eins og um getur í f-lið 1. mgr. 1. gr. og voru send frá Bandaríkjunum fyrir gildistöku þessarar reglugerðar og sem ekki fylgja vottorð valfrjálsu

Nr. 162

13. febrúar 2013

sýnatökuáætlunarinnar til eftirlits með aflatoxíni, inn í ESB með því skilyrði að eftirlit sé haft með ástandi matvælna, þ.m.t. sýnataka og greining.

3. gr.

*Gildistaka.*

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 27. mars 2012.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

*forseti.*

José Manuel Barroso

---

B-deild – Útgáfud.: 22. febrúar 2013